



**Byggðaráð Blönduósbæjar - 79. fundur byggðaráðs Blönduósbæjar  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 16. desember 2016  
og hófst kl. 18:00**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Haukur Jakobsson formaður  
Zophonías Ari Lárusson varaformaður  
Hörður Ríkharðsson aðalmaður  
Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar

**Dagskrá:**

- 1. Félags- og skólaþjónusta A-Hún - fundargerð frá 24. nóvember 2016 - 1611028**  
*Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún lögð fram til kynningar.*
- 2. Samband íslenskra sveitarfélaga - fundargerð 25. nóvember 2016 - 1612001**  
*Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.*
- 3. Byggðasamlag Tónlistarskóla A-Hún - fundargerð frá 1. desember 2016 - 1612006**  
*Fundargerð Byggðasamlags Tónlistarskóla A-Hún lögð fram til kynningar.*
- 4. Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún - fundargerð frá 5. desember 2016 - 1612004**  
*Fundargerð byggðasamlags um Menningu og atvinnumál í A - Hún lögð fram til kynningar.*
- 5. Brunavarnir Austur - Húnavatnssýslu - fundargerð 7. desember 2016 - 1612005**  
*Fundargerð Brunavarna í Austur - Húnavatnssýslu lögð fram til kynningar.*
- 6. Hafnarsamband Íslands - fundargerð stjórnar dags. 7. des 2016 - 1612009**  
*Fundargerð stjórnar Hafnarsambands Íslands lögð fram til kynningar.*
- 7. EFS - Ársreikningur 2015 - 1609011**  
*EFS óskaði eftir upplýsingum um frávík í rekstri sveitarfélagsins á árinu 2015 í samanburði við fjárhagsáætlun, um gerð viðauka við fjárhagsáætlun, fyrirhugaðar aðgerðir sveitarfélagsins til hagræðingar í rekstri og útkomuspá fyrir árið 2016 í*



samanburði við fjárhagsáætlun 2016.

Er niðurstaða eftirlitsnefndar að óska ekki eftir frekari upplýsingum en leggur mikla áherslu á nauðsyn þess að ná jákvæðri rekstrarniðurstöðu og hvetur nefndin sveitarfélagið að leita allra leita að því takmarki, bæði fyrir A-hluta og A- og B- hluta.

Lagt fram til kynningar.

### 8. Styrkumsókn kirkjugarðs Höskuldsstaðakirkju - 1510059

Sótt var um styrk úr bæjarsjóði fyrir árið 2016 þar sem fyrirhugað var að halda áfram endurnýjun girðingar um kirkjugarðinn. Efniskostnaður fór nokkuð fram úr áætlun þar sem ákveðið var að endurnýja netið auk staura og tréramma. Kostnaður skiptist til helminga milli Blönduósbæjar og Skagabyggðar og er hlutur Blönduósbæjar 126.362.

Byggðaráð samþykkir hlut Blönduósbæjar að upphæð 126.400 kr. og skal upphæðin færð á lið 0589-9995 og verður upphæðinni mætt með lækkun á eigin fé.

### 9. Þroskahjálp - húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki - 1612008

Landssamtökin Þroskahjálp hvetja stjórnendur sveitarfélaga til að huga sérstaklega að aðstæðum og þörfum fólks með þroskahömlun og fatlaðs fólks almennt þegar gera á áætlanir í húsnæðismálum og setja reglur og/eða taka ákvarðanir um veitingu stofnframlaga samkvæmt nýjum lögum sem um það gilda.

Lagt fram til kynningar.

### 10. Samband íslenskra sveitarfélaga - Bréf til allra sveitarfélaga v. álits Persónuverndar í máli og vinnslu persónuuppl. í verkefninu Mentor - 1612007

Samband íslenskra sveitafélaga tilkynnir hér um skil starfshóps í tengslum við álit Persónuverndar í máli nr. 2015/1203 og vinnslu persónuupplýsinga í verkefninu Mentor. Hlutverk starfshópsins var að fara yfir álit Persónuverndar varðandi vinnslu persónuupplýsinga um grunnskólanemendur og öryggi þeirra í verkefninu Mentor og samræma viðbrögð við áliti stofnunarinnar, ásamt því að móta tillöggur til þess að bregðast við þeim ábendingum sem álit stofnunarinnar fól í sér. Óskað er eftir því að hver grunnskóli upplýsi sitt sveitarfélag sem allra fyrst um samninga sem gerðir hafa verið við vinnsluaðilaog senda afrit að þeim samningi til viðkomandi sveitarfélags sem gangi í það verkefni að kanna hvort samningurinn uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til vinnslusaminga samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Lagt fram til kynningar.

### 11. Aflið - styrkumsókn - 1612003

Aflið, samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi óska eftir fjárstyrk að upphæð 125.000 kr.

Byggðaráð samþykkir 60.000 kr. og skal upphæðin færð á lið 0589-9991



### 12. Landgræðsla ríkisins - beiðni um styrk til samstarfsverkefnisins "Bændur græða landið" vegna ársins 2016 - 1611027

*Landgræðsla ríkisins óskar eftir fjársyrk til samstarfsverkefnisins "Bændur græða landið" vegna ársins 2016. Óskað er eftir 6.000 kr framlagi á hvern þátttakanda, alls kr. 30.000.-*

*Byggðaráð samþykkir kr. 30.000 og skal upphæðin færð á lið 0589-9991*

### 13. Uppbygging ehf - fyrirspurn um lóð - 1612010

*Borist hefur fyrirspurn frá Uppbyggingu ehf. um lóð sem afmarkast af Húnabraut 4, austurenda íþróttavallar, Holtabraut og Melabraut. Óskað er eftir að fá að byggja 20 íbúða 5 hæða fjölbýlishús. Verktími stæði frá vori 2017 til vors 2018.*

*Byggðaráð fagnar erindinu og þakkar auðsýndan áhuga á uppbyggingu á Blönduósi. Byggðaráð felur sveitarstjóra og tæknideild að vinna frekar að málinu.*

### 14. Atvinnumál - 1605006

*Áskorun til Rarik*

*Byggðaráð Blönduósbæjar gerir alvarlegar athugasemdir við gjaldskrá hitaveitu Blönduós sem hefur hækkað langt umfram verðlag síðasta áratuginn. Vatnsgjald hitaveitu var 68,53 krónur í júlí 2007 en er í dag 169,79 krónur en hefði átt að vera ef miðað er við vísitölu neysluverðs í nóvember 2016, 109,17 krónur. Hækkunin er 55% umfram verðlagsþróun á tímabilinu. Rarik hefur endurnýjað stofnlögn sem skilar hærra hitastigi til neytenda en á sama tímabili hefur framkvæmdin leitt af sér tíðar bilanir í hitakerfum notenda þar sem aukið súrefni og útfellingar hafa valdið rennislustrufunum og skemmdum á búnaði. Byggðaráð Blönduósbæjar skorar hér með á Rarik að endurskoða gjaldskrána til lækkunar þegar í stað og hafnar jafnframt öllum áformum um frekari hækkunir. Byggðaráð hafnar ennfremur því að kostnaði við stækkun veitunnar sé velt yfir á neytendur á Blönduósi. Ábyrgð á þeim verkþætti er alfarið í höndum stjórnar og stjórnenda Rarik.*

*Gagnaver*

*Fram hefur komið í fjölmiðlum að Síminn hyggst reisa gagnaver. Sveitarstjóra falið að bjóða Símanum lóð þar sem sveitarfélagið á skipulagðar lóðir fyrir slíka starfsemi.*

*Hraðhleðslustöð*

*Sveitarfélaginu hefur borist hraðhleðslustöð frá Orkusölunni að gjöf. Blönduósbær þakkar gjöfina og felur tæknideild að finna hentuga staðsetningu.*

### 15. Önnur mál - 1506021

*Engin önnur mál*



Byggðaráð

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:45**

---

Guðmundur Haukur Jakobsson

---

Zophonías Ari Lárusson

---

Hörður Ríkharðsson

---

Arnar Þór Sævarsson